Neistinn



Fréttabréf styrktarfélags hjartveikra barna. 2. tbl. 5. árg. 2008

Efnisyfirlit

2 Efnisyfirlit og fréttir
3 Pistill formanns
3 Jólakort Neistans 2008
4 Hálsmen til styrktar hjartveikum börnum
5 Stuðnings- og sjálfshjálparhópar
5 Fjölskyldan í heild
6 Norræn hjartabörn standa saman
8 Ný evrópsk vefsíða um meðfædda hjartagalla
11 Downs-heilkenni og hjartagallar
12 Duglegt draumabarn
14 Stjörnugolf Nova
16 Sumarhátíð Neistans
18 Norrænir unglingar í Noregi
20 Brúðkaupsgjafirnar til Neistans
22 Neistinn á Norðurlandi
22 Góðvild Verslinga

• Útgefandi: Neistinn – Styrktarfélag hjartveikra barna.
• Ritstjóri: Páll Kristinn Pálsson.
Netfang: pallkristinn@internet.is.
• Ábyrgðarmaður: Guðrún Bergmann Franzdóttir.
• Umbrot: hskj/Öflun.
• Prentun: Prenttækni ehf.
• Heimilisfang: Síðumúla 6, 108 Reykjavík.
Sími 552-5744, www.neistinn.is - neistinn@neistinn.is.

Fréttir

Góðir Glitnishlauparar

Fjöldi manns hljóp til styrktar Neistanum í árlega Glitnishlaupinu á menningarnóttinni í Reykjavík. Alls söfnuðust 231.200 krónur og fá hlaupararnir fræknu hjartansþakkir fyrir.

Velheppnuð hlutavelta

Andrea Ferreira og Harpa Hrund Einarsdóttir heita þessar frábæru stelpur sem héldu hlutaveltu til styrktar Neistanum og söfnuðu rúmum 20.000 krónum.

Pistill formanns

HUGSUM JÁKVÆTT

Ég vil byrja á því að þakka þeim fjölmörgu sem hafa lagt okkur lið þetta árið, sem og síðustu ár, hvort sem það hefur verið fjárhagslegur styrkur, styrkur á annan hátt eða einfaldlega með sjálfboðastarfi. Aðstoð ykkar er ómetanleg, hún hefur hjálpað og á eftir að hjálpa okkur mikið. Eins og ástandið er orðið í þjóðfélaginu í dag þá er nauðsynlegt fyrir fólk að standa saman og aðstoða hvert annað á allan þann hátt sem það getur.

Nú er nauðsynlegt að halda áfram að hugsa jákvætt. Einhvern tíma var mér bent á að við sjálf getum alltaf valið hvernig við tökumst á við daginn og verkefnin sem bíða okkar. Ef við veljum að hugsa jákvætt og vera bjartsýn verða dagarnir góðir og verkefnin ánægjuleg.

Og spörum ekki knúsin.

Hjartagallar. Það skiptir engu máli hvað er í gangi í heiminum, hvaða stofnanir fara á hausinn eða hvað einhver gerir, gerir ekki, segir eða segir ekki – það fæðast alltaf börn með hjartagalla. Bara hér á Íslandi fæðast árlega um 70 börn með hjartagalla, eða u.þ.b. 1.7% allra lifandi fæddra barna. Af þessum 70 börnum þarf helmingur að gangast undir aðgerð og sum þeirra oftar en einu sinni. Þriðjungur þessara aðgerða er framkvæmdur hérlendis.

Það hefur lengi verið vitað að hjartasjúkdómar og hjartagallar eru algengustu sjúkdómar í heiminum. Á meðan þessar hetjur halda áfram að fæðast þurfum við á hjálp ykkar að halda.

Margt skemmtilegt er framundan á vetrardagskrá Neistans. Hefðbundnir viðburðir eins og bingóið og jólaballið, og kannski verða bíóferðir einnig að hefð hjá okkur því Laugarásbíó ætlar að bjóða okkur í heimsókn fjórða árið í röð. Fleira er í bígerð og munum við láta ykkur vita af því með góðum fyrirvara, til dæmis á heimasíðunni okkar.

Við hlökkum til að hitta ykkur öll og eiga með ykkur góðar stundir.

Hjartanskveðjur,
Guðrún Bergmann Franzdóttir.

Jólakort Neistans 2008

Jólakort Neistans í ár skartar þessari skemmtilegu mynd sem Hafdís Erla Helgadóttir teiknaði fyrir okkur, en hún er fimmtán ára gömul hjartastelpa.

Tíu stykki ásamt umslögum eru seld saman í pakka sem kostar aðeins 1000 krónur. Þau verða seld á bingókvöldinu og jólaballinu okkar, en einnig er hægt að fá þau á skrifstofunni í Síðumúla 6 í Reykjavík, eða hringja og panta í símum 552 5744 og 899 1823.



Hálsmen til styrktar hjartveikum börnum

Sif og Eggert skoða silfurhálsmenið sem selt er til styrktar Neistanum.
Ljósmyndir: Gísli Baldur Gíslason

Verslunin Leonard hefur ákveðið að Neistinn, styrktarfélag hjartveikra barna, fái allan ágóða af sölu á sérstöku silfurhálsmeni. Salan hefst í byrjun desember. Menið er gert eftir teikningu Eggerts Péturssonar, eins þekktasta listmálara þjóðarinnar, en Sif Jakobs skartgripahönnuður útfærði hugmyndina.

Hálsmenið er byggt á hjartalaga aldinum íslenskrar jurtar sem nefnist hjartarfi og er skreytt fögrum skrautsteinum.

Þessi vandaði skartgripur er aðeins til sölu í verslunum Leonard í Kringlunni og Leifsstöð og er framleiddur í takmörkuðu magni.

actavis
hagur í heilsu

Viðskiptablaðið vb.is

Stuðnings- og sjálfshjálparhópar

Margrét Albertsdóttir, félagsráðgjafi SÍBS og allra aðildarfélaga, verður á næstunni með viðveru í SÍBS húsinu á mánudögum og föstudögum.

Hlutverk félagsráðgjafa SÍBS er að veita félagsmönnum stuðning og aðstoða þá við að leysa úr persónulegum -og félagslegum vanda, leiðbeina varðandi félagsleg réttindi og úrræði.

Félagsmönnum Hjartaheilla og Neistans stendur jafnframt til boða að taka þátt í stuðnings- og sjálfshjálparhópum.

Lítið við á skrifstofunni í Síðumúla 6 eða hafið samband í síma 560-4816.

Margrét Albertsdóttir,félagsráðgjafi SÍBS og allra aðildarfélaga.

Fjölskyldan í heild

Margrét Grímsdóttir hóf að starfa 1. mars síðastliðinn sem hjúkrunarfræðingur í hjartateymi Barnaspítalans við Hringbraut.

„Aðaláherslan í starfi mínu er stuðningur við fjölskyldur, að leitast við að draga úr álaginu sem fylgir því þegar barn greinist með hjartagalla," segir hún í stuttu spjalli við Neistann. „Það er mikil þörf fyrir þetta starf, enda gjörbreytist líf fjölskyldna við þessar aðstæður. Ég er því miður ekki sérfræðingur í hjartahjúkrun barna, en hef fulla trú á að þessi áhersla nýtist fjölskyldum okkar."

Margrét lauk hefðbundnu hjúkrunarnámi árið 1996 og fór síðan í meistaranám í klínískri félagsráðgjöf við Boston University í Bandaríkjunum. Eftir nám fluttist hún til Gainsville í Flórida þar sem hún vann með hjartateymi á sjúkrahúsi um þriggja ára skeið og byggir mjög á þeirri reynslu í starfi sínu hér.

Margrét Grímsdóttir.

MYLLAN
ALLTAF NÝBAKAÐ

háfell
Við lifum á jörðinni!

park inn
REZIDOR
Island, Reykjavik

Norræn hjartabörn standa saman

Eftir Guðrúnu Bergmann Franzdóttur
og Guðnýju Sigurðardóttur.

Norðurlandafundur barnahjartasamtaka var haldið helgina 26.-28. september síðastliðinn í Lundi í Svíþjóð. Þar hittust fulltrúar frá öllum Norðurlöndunum, en fulltrúar Neistans voru Guðrún Bergmann og Guðný, frá Finnlandi komu Katja og Eeva, Danmörku Iben og Christian, Noregi Vibeke, Marte, Tove og Leif og frá Svíþjóð, sem sá um fundinn að þessu sinni, komu Peter, Malin og Joran.

Við byrjuðum föstudaginn á því að kynna okkur og fara yfir hvað yrði rætt á þessum fundi. Ákveðið hafði verið að hvert land yrði með kynningu og fjallað yrði um síðustu norrænu sumarbúðir fyrir unglinga og þær næstu, sem haldnar verða af okkur hér á Íslandi.

Sumarbúðirnar

Þegar allir voru búnir að kynna sig talaði Leif frá Noregi um síðustu sumarbúðir sem haldnar voru í Skeikampen í Lillehammer. Þær þóttu heppnast vel og voru flestir mjög sáttir með gistinguna, skoðunarferðirnar, leikina og fleira sem gert var í búðunum. Gerð var grein fyrir kostnaðinum, en fjárhagsáætlun stóðst nokkurn veginn.

Frá Íslandi mættu sjö unglingar ásamt tveimur fararstjórum í sumarbúðirnar. Eins og lesa má annars staðar hér í blaðinu tókst sú ferð ákaflega vel og þátttakendur sammála um að þetta hefði verið ógleymanleg upplifun.

Síðan kynnti Guðrún Bergmann fyrirkomulagið við næstu sumarbúðir, sem verða hér á landi dagana 19.-26. júlí 2009. Greindi hún frá því hvar yrði gist, helstu atriði á dagskránni og hvað þátttakan kæmi til með að kosta. Leist öllum vel á og hlakkar að sjálfsögðu til að koma hingað.

Starf félaganna

Á laugardeginum var kynning frá hverju landi fyrir sig. Ljóst er að starfsemi flestra félaganna er svipuð, en þó þannig að við getum alltaf lært eitthvað hvert af öðru. Við á Íslandi erum til dæmis eina félagið með styrktarsjóð, sem helgast af því að við þurfum að senda börnin okkar til Boston, en aðgerðir á þeirra börnum eru vanalega gerðar í þeirra heimalandi. Kostnaðurinn fyrir okkar fólk getur þannig verið gríðarlegur vegna utanferða. Hin löndin eru að vísu með sjóð sem þau nota til að styrkja tækjakaup og lækna og hjúkrunarfólk til að fara á námskeið eða ráðstefnur, en það höfum við einnig gert.

En öll vinnum við að því sama, að styðja fjölskyldur hjartveikra barna, hjálpa þeim að fræðast um rétt sinn, og aðstoða á marga aðra vegu. Okkur frá Neistanum þótti gott að sjá að starf okkur er í góðum farvegi miðað við það sem gerist hjá frændum okkar á hinum Norðurlöndunum. Alls staðar verður þó erfiðara og erfiðara að safna peningum til málefnisins.

Umræður sunnudagsins snerust enn um tilgang norræna samstarfsins, svo sem með því að standa fyrir sameiginlegum sumarbúðum og árlegu þingi aðildarfélaganna. Allir voru sammála um hversu mikið gagn væri af samstarfinu. Til marks um mikilvægi sumarbúðanna var sagt frá endurfundum þátttakenda frá fyrri árum og hve stóran sess dvölin þar skipar í minningunni. Krakkar sem nú eru orðnir fullorðið fólk, búnir í námi og komnir með fjölskyldur hafa verið að hittast aftur og rifja upp þessar góðu minningar. Það hefur verið ómetanlegt fyrir þau að geta á viðkvæmu æviskeiði hitt jafnaldra sína frá hinum Norðurlöndunum, farið saman í sund án þess að þurfa að fela einhver ör eftir skurðaðgerðir og ræða um reynslu sína við aðra sem þekkja hvað hún felur í sér.

Allir voru sammála um mikilvægi þess að halda áfram samstarfi norrænu félaganna og funda árlega. Það er svo margt að gerast og nauðsynlegt fyrir okkur öll að geta fylgst með því nýjasta sem fram kemur í rannsóknum og öðru sem bætt getur þjónustu við hjartabörnin okkar.

interMedica.
HJARTAVERND
Eirberg
www.eirberg.is

Kæru félagsmenn.

Mömmuklúbbur

Við ætlum að hittast 18.nóv niðrí síðumúla 6. kl.20.
hvetjum allar mömmur til að mæta og eiga góða stund saman, sjáumst hressar.

Jólaball

Okkar árlega jólaball verður laugardaginn 29. Nóvember frá kl. 13.00-15.00
í **Grensáskirkju** Háaleitisbraut 66. SÍBS bandið leikur undir jólasöng og spilar jólalög.
Boðið verður upp á kaffi og meðlæti.
Jólasveinninn hefur boðað komu sína með glaðning fyrir börnin

Laugarásbíó

Laugarásbíó ætlar að bjóða okkur fjórða árið í röð á jólamynd sína
en okkur verður boðið að sjá hana sunnudaginn 21. desember kl. 12-14 og í ár ætlum við að
sjá myndina **FOUR CHRISTMASES**.

Hlökkum til að sjá ykkur.

Styrktarfélag hjartveikra barna

Síðumúla 6, 108 Reykjavík. Sími 552 5744.

Gott málefni þarfnast fjármagns

Neistinn er styrktarfélag hjartveikra barna og aðstandenda þeirra. Starfsemin gengur bæði út á að veita þeim félagslegan stuðning og fjárhagslega styrki eftir mætti, þar sem langvinn veikindi koma oft verulega niður á fjárhagsafkomu heimilanna.

Fjáröflun er því stór þáttur í starfi Neistans og fer fram með ýmsum hætti. En hægt er að styrkja starfið beint með framlagi á reikning okkar í Landsbankanum. Reikningsnúmerið er 0101-26-4995 og kennitala Neistans 490695-2309.

Neistinn hefur einnig tekjur af sölu minningarkorta, sem afgreidd eru á skrifstofu Hjartaheilla í síma 552 5744.

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Nestlé

ÁS STYRKTARFÉLAG

Ný evrópsk vefsíða um meðfædda hjartagalla

Á Norðurlandafundi barnahjartalækna í Lundi, Svíþjóð, sem haldinn var 25.-27. september síðastliðinn, var opnuð vefsíðan www.corience.org. Markmið Corience er að gefa öllum sem þjást af meðfæddum hjartagalla góðar og trúverðugar upplýsingar.

Hvað er Corience?

Corience er óháð, evrópsk upplýsingaveita. Að baki síðunni stendur Evrópska hjartafélagið, ECHDO, sem stofnað var árið 2007, eftir langvarandi starf við, meðal annars, Félag hjartasjúkra barna, FFHB, í Noregi og Hjärtebarnsföreningen í Svíþjóð.

Vítt og breitt

Sex milljónir evra eru greiddar úr rannnsóknarsjóði ESB til Corience. Takmarkið er að miðla upplýsingum bæði til sjúklinga og aðstandenda, svo og hjúkrunarfræðinga, lækna og vísindamanna. „Skilyrði sem ESB setti var að við ynnum bæði fyrir lærða og leika. Ég veit ekki um aðrar vefsíður, burtséð frá innihaldi, sem hannaðar eru á þennan hátt. Við trúum því að þjónusta við sjúklinga með meðfædda hjartagalla verði betri við að aðstandendur og starfsfólk sjúkrahúsa fái eins greinagóðar upplýsingar og mögulegt er," segir verkefnastjóri Corience í Noregi, Marte A. Jystad í FFHB.

Áreiðanleiki

Efni www.corience.org á að vera aðgengilegt, auðvelt að skilja og hafa mikið upplýsingagildi. Vefsíðan verður uppfærð reglulega. Þar er að finna upplýsingar um ólíkar tegundir hjartagalla, hvernig einfalda megi hjartasjúklingum lífið og margt fleira. Vísindamenn og aðrir áhugasamir geta einnig fundið reglulega uppfærðar og áreiðanlegar upplýsingar um nýjustu læknisrannsóknir og vísindauppgötvanir.

Allir geta leitað upplýsinga á netinu. Það getur hins vegar verið erfitt að vita hvort hægt sé að stóla á þær. Corience fremstu sérfræðinga í læknisfræðum standa að baki okkur," segir Marte A. Jystad.

Ófullnægjandi upplýsingar

Hjartagalli uppgötvast hjá innan við eitt prósent fæddra barna, en fleiri lifa lengur vegna góðrar meðhöndlunar. Því má segja að hlutfall þeirra sé hærra en áður. Fólk með hjartagalla á langt og gott líf framundan; þökk sé framförum í læknavísindunum.

Sex aðilar standa að **Corience**; FFHB, Hjärtebarnsföreningen og systurfélög þess á Spáni og Þýskalandi, ásamt stofa fyrir almannatengsl í Berlín, svo og Þýska skráningastofan fyrir meðfædda hjartagalla.

www.corience.org mun til að byrja með eingöngu verða aðgengileg á ensku. Meiningin er að þýða hana á fleiri evrópsk tungumál í framtíðinni.

www.corience.org

BÓNUSVÍDEÓ
vistor
vörður tryggingar hf.

.....Neistinn þakkar fyrir stuðninginn

Reykjavík
101 Heild ehf
A. Wendel ehf.
Glitnir bank
Afltækni ehf.
Alexander Árnason
Allianz hf.
Allt í einu, söluturn
Alþýðusamband Íslands
Arev verðbréfafyrirtæki hf.
Argos ehf.- Arkitektastofa Grétars og Stefáns
Arkitektastofa Örn Sigurðsson
Arkitektastofan Úti og inni sf.
Arkís ehf.
Asía ehf.
ASK Arkitektar ehf.
Atorka ehf. - Verktakar og vélaleiga
Atvinnuhús ehf. - Fasteignasala
Auglýsingastofan ENNEMM ehf.
Austur Indíafélagið
ÁF-hús ehf.
Álnabær ehf.
Áltak ehf.
Árbæjarapótek ehf.
Ársól í Grímsbæ
Ártúnsskóli
Ás, vinnustofa
Ásbjörn Ólafsson ehf.
B & G ehf.
B.S. smíði ehf.
Bakarameistarinn hf.
Balance ehf.
Bandalag Íslenskra Farfugla
Barnatannlæknastofan ehf.
Betri bílar ehf.
Bifreiðaverkstæði H.P.
BílaGlerið ehf.
Bílaleigan AKA ehf.
Bílamálun Halldórs Þ. Nikulássonar sf.
Bílamálun Sigursveins Sigurðssonar
Bílasala Íslands
Bílasmiðurinn hf.
Bílastofan Bifreiðaverkstæði
Bílaverkstæði Jóns T. Harðarssonar
Bílaþvottastöðin Laugin ehf.
Björn Traustason ehf.
Björnsbakarí ehf.
Blái Turninn
Blindrafélagið
Booztbar/Ísbar
Borgarbókasafn Reykjavíkur
Borgarholtsskóli
Bókasafn Menntaskólans v/Sund
Bólstrun Ásgríms ehf.
Bólsturverk sf.
Bón-Fús
Bónus
Brauðhúsið ehf.
Breiðagerðisskóli
Breiðholtskirkja
Brim hf.
Bros-auglýsingavörur ehf.
Brynja ehf. verslun
BSR ehf.
BSRB
Byggingafélag Gylfa og Gunnars hf.
Bændasamtök Íslands
Cabin ehf.
Dalbær sf.
Dale Carnegie
Dansrækt J.S.B.
Dansskóli Heiðars Ástvaldssonar
Davíð S. Jónsson & Co. ehf.
Deli ehf.
Dimar ehf.
Draumur ehf.
Dreifing ehf.
Droplaugarstaðir
Dyrasímaþjónusta Gests
Dýraríkið
E. Ólafsson ehf.
E.T. Einar og Tryggvi ehf.
Ecco á Íslandi
Edda útgáfa
Efling stéttarfélag
Egilsborg
Eignamiðlunin ehf.
Einingaverksmiðjan ehf.
Eirvík heimilistæki hf.
Elding Trading Company
Endurskoðun og reikningsskil hf.
Endurskoðun Pétur Jónssonar ehf.
Endurvinnslan hf.
Engey ehf. heildverslun
Ernst & Young
Exís ehf.
Fasteignakaup ehf.
Fasteignamarkaðurinn ehf.
Fasteignamat ríkisins
Fasteignasalan Garður
Faxaflóahafnir
Fákur
Ferð og saga
Ferðafélag Íslands
Ferskar kjötvörur hf.
Félag einstæðra foreldra
Félag hársnyrtisveina
Félag hrossabænda
Félag íslenskra bifreiðaeigenda
Félag íslenskra hljómlistarmanna
Félag Skipstjórnarmanna
Félagsbústaðir hf.
Félagsmiðstöðin Aflagranda 40
Fiskkaup hf.
Fínka málningarverktakar ehf.
Fjarhitun hf.
Fjárfestingafélagið Gaumur ehf.
Fjölbrautaskólinn Ármúla
Fjölhönnun ehf.
Flugleiðir frakt
Fótaaðgerða- og snyrtistofa Eddu
Fótoval
Fröken Júlía ehf.
G. Hannesson ehf.
G.B. Tjónaviðgerðir ehf.
G.S. varahlutir ehf.
Gagnaeyðing ehf.
Gallabuxnabúðin - Kringlunni
Gallerí Fold
Garri ehf.
Gasco ehf.
Gátun ehf.
Geiri ehf.
Gilbert úrsmiður Laugavegi 62
Gissur og Pálmi ehf.
Gistiheimilið Aurora
Gítarskóli Ólafs Gauks
Gjögur hf.
GLÁMA / KÍM Arkitektar ehf.
Gleraugnasalan 65 ehf.
Gleraugnasmiðjan ehf.
Gloss ehf.
Glófaxi ehf. blikksmiðja
Gluggasmiðjan ehf.
GM Verk ehf.
Grensásvideo ehf.
Gríma Hárstofa
Grímur Garðarsson
Guðmundur Arason ehf. Smíðajárn
Guðmundur Jónasson ehf.
Gull & silfur hf.
Gullkistan
Gullkúnst Helgu - S: 561 6660
Gullsmiðurinn í Mjódd
Gullsmíðaverkstæði Hjálmars Torfasonar
Gústaf Þór Tryggvason hrl.
H og S byggingaverktakar ehf.
Hafgæði sf.
Hagbót ehf.
Hageyri ehf.
Hagi ehf.
Hamraskóli Grafarvogi
Handprjónasamband Íslands ehf.
Happdrætti Háskóla Íslands
Harka ehf.
Haukur Þorsteinsson tannlæknir
Hárfinnur ehf.
Hárgreiðslustofa Heiðu
Hárgreiðslustofa Hrafnhildar
Hárgreiðslustofa Rögnu
Hárgreiðslustofan Aþena
Hárgreiðslustofan Díva
Hárgreiðslustofan Effect
Hárgreiðslustofan Greiðan ehf
Hárgreiðslustofan Hármiðstöðin
Hárgreiðslustofan Hótel Loftleiðir
Hársnyrtistofa Dóra
Hársnyrtistofan Aida
Hársnyrtistofan Dalbraut
Hársnyrtistofan Klippótek
Heilsubrunnurinn ehf.
Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins
Heima ehf. Húsgagnaverslun
Heimilisprýði ehf.
Henson hf.
Hið íslenska bókmenntafélag
Hilmar Ingimundarson Hrl.
Hjálpræðisherinn á Íslandi
Hljóðfæraverslun Pálmars Árna
Hollt og Gott ehf.
Hópferðaþjónusta Reykjavíkur
Hótel Frón
Hótel Leifur Eiríksson ehf.
Hreinsitækni ehf.
Hreysti ehf.
Hringrás hf.
Hrói Höttur
HU - Vegamót
Hugmót ehf.
Hundahótelið að Leirum
Hús Bakarans
Húsaklæðning ehf.
Húsalagnir ehf.
Húsun ehf.
Hvalaskoðun Reykjavíkur ehf.
Hverfisbarinn ehf.
Höfðakaffi ehf.
Höfði fasteignamiðlun ehf.
Iceland Seafood ehf.
Iceland Travel ehf.
Icelandair ehf.
IÐNÓ
Innheimtustofnun sveitarfélaga
Innnes ehf.
Internet á Íslandi hf. - ISNIC
Ímynd ehf.
Ísbúð Vesturbæjar ehf.
Ísbúðin Fákafeni 9
Íslandspóstur hf.- markaðs-og kynningadeild
Íslensk endurskoðun ehf.
Íslensk getspá
Íslensk tækni ehf.
Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf.
J. Eiríksson ehf.
J.S. Gunnarsson hf.
Jens Guðjónsson hf.
Jói og félagar
Jón Ásbjörnsson hf. heildverslun
Jón Egilsson lögmannsstofa
Jón og Óskar
K. Pétursson ehf.
Kaffi Hljómalind
Kaffi Paris
Kandís
Kassagerðin ehf.
Kjöthöllin Skipholti 70 ehf.
KOM Almannatengsl
Kópsson ehf.
Kraftur hf.
Kramhúsið
Kristján G. Gíslason ehf.
Kvik hf. Almenn kvikmyndagerð
Kvikk þjónustan ehf.
Kælitækni
Kögun hf.
Landic Property hf.
Landssamband hestamannafélaga Laugardal
Landssamtök Sauðfjárbænda
Leikskólinn Foldakot
Leikskólinn Hamraborg
Leikskólinn Holtaborg
Leikskólinn Völvuborg
List og saga ehf.
Litagleði ehf, málningarþjónusta s.8931955
Litir og föndur - Handlist ehf.
Litli bíll ehf. - bílasala
Lífstykkjabúðin ehf.
Ljósmyndir Rutar
Lúmex hf.
Lýsing hf.
Læknasetrið sf.
Lögfræðiþjónusta Sigurðar Sigurjónssonar hrl.
Lögmannsskrifstofan Fortis ehf.
Lögmannsstofa Jóns Halldórssonar hrl.
Lögmenn Borgartúni 33
Lögmenn Höfðabakka ehf.
Lögmenn við Austurvöll
Lögskil ehf.
Löndun ehf.
Magnús og Steingrímur ehf.
Margt smátt ehf.
Matís ehf.
Málarameistarafélagið
Melaskóli
Menntamálaráðuneytið
Menntaskólinn í Reykjavík
Mentis hf.
Merking ehf.
Merkismenn ehf.

Elkem
Drangey Smáralind www.drangey.is
Samkaup

.....Neistinn þakkar fyrir stuðninginn

Reykjavík
Meyjarnar
- Kvenfataverslun
Minjavernd
Múli réttingar
og sprautun ehf.
Múr- og málningar-
þjónustan Höfn ehf.
Múrarafélag Reykjavíkur
Múrarameistarafélag
Reykjavíkur
Mæðrastyrksnefnd
Reykjavíkur
Nálin hannyrðaverslun ehf.
Neskirkja
Nonnabiti
Nói Síríus hf.
Nýi ökuskólinn ehf.
Nýja Teiknistofan ehf.
Nýlistasafnið
Nærmynd
Ottó auglýsingastofa ehf.
Ottó B. Arnar ehf.
Ó. Johnsson
& Kaaber ehf.
ÓG Bygg ehf.
Ólafur Gíslason & co hf.
- Eldvarnamiðstöðin
Ólafur Loftsson
Ólafur Þorsteinsson ehf.
P.S. rétting
Papyrus-innrömmun ehf.
Parlogis hf.
Petrína Rós Karlsdóttir
- Löggiltur skjalaþýðandi
Pétur Stefánsson ehf.
Pipar og salt
Pípulagnaverktakar ehf.
Prikið
Prologus ehf.
Pökkun og flutningar ehf.
R.J. Verkfræðingar ehf.
Rafco ehf.
Rafeindastofan Sónn ehf.
Rafstilling ehf.
Rafteikning hf.
Verkfræðistofa
Raftíðni ehf.
Ragnar Aðalsteinsson
og Sigríður Júlíusdóttir
Lögmenn
Rannsóknastofa í lyfja-
og eiturefnafræði H.Í.
RARIK hf.
Ráðgjafar ehf.
Reiknistofa bankanna
Reki hf.
Renniverkstæði Ægis
Réttarholtsskóli
Réttingaverk ehf.
Rolf Johansen & co. ehf.
Rotary-umdæmið á Íslandi
Rönn ehf.
S.B.S. innréttingar
S.Í.B.S.
Safalinn
Samhljómur ehf.
Samskipti ehf.
Samson ehf.
Samtök atvinnulífins
Seljakirkja
Setberg bókaútgáfa
Shalimar
Símenntun, rannsóknir,
ráðgjöf Menntasv. H.Í.
Sínus ehf.
Sjálfstæðisflokkurinn
Sjómannafélag Íslands
Sjómannaheimilið Örkin
Sjúkraliðafélag Íslands
Sjúkraþjálfun
Ártúnshöfða sf.
Sjúkraþjálfunarstöð
Önnu K. Ottesen
Skartgripaverslun
og vinnustofa Eyjólfs
Skarthúsið
Skáksamband Íslands
Skipasalan ehf.
Skolphreinsun Ásgeirs
Skóverslunin
Bossanova hf.
Skúlason & Jónsson ehf.
Slökkvilið
Höfuðborgarsvæðisins
Smáréttingar ehf.
- Réttingaþjónusta
Smith & Norland hf.
Smíðaþjónustan ehf.
SMS Bílasprautun
og réttingar
Smur- og
viðgerðarþjónustan ehf.
Snerruútgáfan ehf.
Snyrti- og
gjafavöruverslunin
Sigurboginn
Snyrti- og nuddstofan
Paradís
Snæfiskur ehf.
Snæland Grímsson ehf.
Hallgrímur Lárusson
SP Tannréttingar
Sportbarinn ehf.
Sprinkler-pípulagnir ehf.
Staðalhús sf.
Stanislas Bohic
garðhönnun
Stansverk ehf.
Starfsgreinasamband
Íslands
Starfsmannafélag
Reykjavíkurborgar
Stálsmiðjan ehf.
Stálver ehf.
Stéttarfélag verkfræðinga
Stilling hf.
Stjarnan ehf.
Stjörnuspekistöðin
Stólpi hf.
Styrktarfélag lamaðra
og fatlaðra
Suzuki bílar hf.
Svissinn hjá Steina
Sýningakerfi ehf.
Sökkull ehf.
Söluturninn Texas
- Halló ehf.
Sönglist
- Söng- og leiklistarskóli
Söngskólinn Sigurðar D.
Söngskólinn í Reykjavík
Talnakönnun
Tandur hf.
Tanngo ehf.
Tannlæknastofa
Friðgerðar Samúelsdóttur
Tannlæknastofa
Gunillu Skaptason
Tannlæknastofa
Ingólfs Eldjárn
Tannlæknastofa
Jóns Birgis Baldurssonar
Tannlæknastofa Kjartans
Arnar Þorgeirssonar
Tannlæknastofa
Sólveigar Þórarinsdóttur
Tannlækningastofan
Borgartúni 33
Tannsmíðastofa
Kristins Sigmarssonar
Tannsmíðaverkstæðið hf.
Teiknistofa
Hermanns Ísebarn
Teiknistofa
Ingimundar Sveinssonar
Teiknivangur
Textíll
TGM Ráðgjöf
Tilraunastöð Háskóla
Íslands í meinafræð
Tímaritið Lifandi Vísindi
- EG miðlun ehf.
Tónastöðin ehf.
Trésmiðja Magnúsar F.
Jónssonar sf.
Trésmiðjan Jari ehf.
Tryggingamiðlun
Íslands ehf.
Tölvar ehf.
Tölvu- og
verkfræðiþjónustan
Tösku- og
hanskabúðin hf.
Ull og Gjafavörur
Umslag ehf.
Úlfarsfell ehf.
Útfararstofa
kirkjugarðanna
Útfararþjónustan ehf.
VA Arkitektar ehf.
Varahlutaverslunin
Kistufell ehf.
Varðan ehf.
Veiðikortið.is
Veiðiþjónustan Strengir
Veitingahúsið
Austurvöllur ehf
Veitingahúsið Carúsó
Velferðarsvið
Reykjavíkurborgar
Verðlistinn v/Laugalæk
Verkfræðingafélag
Íslands
Verkfræðistofa Braga
og Eyvindar ehf.
Verkfræðistofan
LH-tækni ehf.
Verkfræðistofan VIK ehf.
Verkfærasalan ehf.
Vernd - Fangahjálp .
Verslunartækni ehf.
Verslunin Fríða frænka ehf.
Verslunin Kiss
Verzlunarskóli Íslands
v/bókasafns
Vesturborg ehf.
Vélaborg ehf.
Vélar og verkfæri ehf.
Vélaviðgerðir ehf.
Vélfang ehf.
Vélsmiðjan Járnverk hf.
Vélvík ehf.
Við og Við sf.
Viðlagatrygging Íslands
Vinnumálastofnun
Virka ehf.
Vital ehf.
Víkur-ós ehf.
Vínbarinn
Vínberið
VR
VSÓ ráðgjöf ehf.
Xtra Hársnyrtistofa
Þingvallaleið ehf.
Þverfell ehf
Þýðingaþjónusta
Boga Arnars
Ökukennsla
Sverris Björnssonar

Seltjarnarnes
Hárgreiðslustofan
Salon - Nes
Lög og réttur ehf.
Nesskip hf.
Parketjónusta
- Falleg gólf ehf.
Seltjarnarneskaupstaður
Seltjarnarneskirkja
Tónlistarskóli
Seltjarnarness
Verkfræðistofan Önn ehf.
Vökvatæki ehf.

Vogar
Hársnyrtistofa Hrannar
V.P. Vélaverkstæðið ehf.

Kópavogur
Aalborg Portland
á Íslandi hf.
Alark arkitektar
Aqua Sport ehf.
Arnarljós
Axis húsgögn hf.
Bakkabros ehf.
Bifreiðastillingin ehf.
Bifreiðaverkstæðið Toppur
Bílaklæðningar ehf.
Bílalakk ehf.
Bílaþvottastöðin
Löður ehf.
Bílvogur ehf.
Bliki- Bílamálun
og réttingar ehf.
Blikksmiðjan Vík ehf.
Body Shop
Borgarvirki ehf.
Bókasafn Kópavogs
Byggðaþjónustan,
bókhald og ráðgjöf
Cafe Adesso
DK Hugbúnaður
Eyfeld ehf.
F.Ó. Bifreiðaverkstæði
Félagsþjónusta Kópavogs
FOCAL Software
& Consulting
Gistiheimilið BB 44
GK heildverslun ehf.
Glófi ehf.
Goddi ehf.
Gróðrastöðin Storð
Hagblikk ehf.
Hárgreiðslu og
rakarastofan Hera
Hefilverk ehf.
Hjallaskóli
Hvellur G. Tómasson ehf.
Íslandsspil sf.
Járngerði ehf.
Járnsmiðja Óðins ehf.
Júmbó ehf.
KB ráðgjöf
Knastás hf.
Kópavogsbær
Kraftvélar ehf.
Kríunes ehf.
Kynnisferðir ehf.
Lakkskemman ehf.
Lindaskóli
Linkur ehf.
Línan ehf.
Ljósvakinn ehf.
Logik ehf. Lögmannsstofa
Lyfja hf.
Marás vélar ehf.
Point á Íslandi ehf.
Pottagaldrar
Mannrækt í matargerð
Prentsmiðjan Viðey ehf.
Prenttækni hf.
Rafbreidd ehf.
Rafgjafinn ehf.
Rafmiðlun ehf.
Rafport ehf.
Rafvirkni ehf.
Reynir bakari ehf.
Réttingaverkstæði
Jóa ehf.
Réttir bílar ehf.
Ræstingaþjónustan sf.
Salaskóli
Smári söluturn
Smurstöðin
Stórahjalla ehf.
Snælandsskóli
Sonda ehf.
Stigalagerinn ehf.
Stjörnublikk hf.

Orkuveita Reykjavíkur

samskip

KOLA PORTIÐ

Downs-heilkenni og hjartagallar

Gunnlaugur Sigfússon,
barnalæknir og sérfræðingur
í hjartasjúkdómum barna.



Um helmingur barna með Downs-heilkenni eru með hjartagalla. Þessir gallar eru meðfæddir þó að þeir valdi ekki allir einkennum strax eftir fæðingu. Þar sem hjartagallar eru svo algengir meðal barna með Downs-heilkenni ættu öll slík börn að vera skoðuð af barnahjartalækni á fyrstu vikum ævinnar.

Hjartagallar sem börn með Downs-heilkenni fæðast með eru hinir sömu og hjá börnum sem eru ekki með slíkt heilkenni en í öðrum hlutföllum. Þannig er svokallaður lokuvísagalli, þar sem op er milli bæði gátta og slegla og lokan á milli þeirra er óeðlileg, mjög algengur meðal barna með Downs-heilkenni en annars sjaldgæfur hjartagalli. Aðrir hjartagallar sem börn með Downs-heilkenni hafa eru (í röð eftir algengi): op milli slegla, op milli gátta, ferna Fallots og opin fósturæð. Aðrir gallar eru sjaldgæfir en það er athyglisvert að börn með heilkenni Downs hafa ekki greinst með ákveðna hjartagalla sem annars eru nokkuð algengir, eins og víxlun á stóru slagæðunum.

Aðgerðir vegna hjartagalla eru gerðar á mismunandi tímum eftir gerð gallans. Börn með lokuvísagalla, op milli slegla eða fernu Fallots fara yfirleitt í aðgerð fyrir sex mánaða aldur. Opinni fósturæð þarf stundum að loka á fyrstu mánuðum ævinnar en stundum síðar, allt eftir stærð æðarinnar. Opi milli gátta er lokað þegar börnin eru tveggja til fjögurra ára. Horfur eftir aðgerð eru góðar en börn með heilkenni Downs og hjartagalla sem hafa farið í aðgerð þurfa flest að vera í ævilöngu eftirliti hjá barnahjartalækni. Auk þess þurfa þau flest að viðhafa ævilanga hjartaþelsbólguvörn sem felur í sér sýklalyfjagjöf fyrir tannaðgerðir og skurðaðgerðir.



Duglegt draumabarn

Viðtal: Páll Kristinn Pálsson
Myndir: Úr fjölskyldualbúminu

Gyða Dögg fæddist 7. mars síðastliðinn. Hún reyndist vera með Downs-heilkennið og hjartavandamál. Foreldrar hennar eru Lárus Guðmundsson, forstöðumaður hjá Skiptum, móðurfélagi Símans, og Guðrún Rut Sigmarsóttir, leikskólakennari. Þau eiga fyrir þriggja ára gamla stelpu, Júlíu Karen, og sex ára strák, Elías Óttar.



Lárus og Guðrún Rut vissu ekki fyrir fæðinguna að nýja barnið þeirra væri með Downs-heilkennið.

Lárus: „Nei, við höfðum farið í gegnum meðgönguna á hefðbundinn hátt. Öll próf voru í lagi og sambærileg því sem við höfðum upplifað með eldri krakkana. Við höfðum því ekkert leitt hugann að því að eitthvað gæti verið öðruvísi en með þau. Þetta kom bara í ljós þegar hún fæddist og þegar við spurðum hvort Downs-heilkennið ætti ekki að uppgötvast á meðgöngunni sagði læknirinn að prófin væru ekki hundrað prósent örugg."

Var það þá ekki áfall þegar þetta kom í ljós?

Guðrún Rut: „Jú, það var heilmikið sjokk. Það verður að segjast eins og er, en samt fannst mér þetta einhvern veginn ekkert mál."

Lárus: „Fyrst í stað leið mér eins og einhver hefði bankað mig, en það leið fljótt hjá. Okkur var líka sagt að börn með Downs-heilkennið væru yfirleitt líka með hjartagalla, en að hún væri það ekki og þá leið manni strax betur. Maður fékk einhverja jákvæða hlið að horfa á ..."

Guðrún Rut: „Við tókum þetta því í skrefum, það hefði líklega verið meira áfall ef þetta hefði allt komið í einu lagi."

Hvað vissuð þið þá um Downs-heilkennið?

Guðrún Rut: „Við vissum ekkert þannig lagað ..."

Lárus: „Bara að þeir einstaklingar væru yfirleitt alltaf svo glaðir."

Guðrún Rut: „Maður fer samt fljótlega að hafa áhyggjur af framtíðinni, hvað verður um hana þegar hún eldist og fleira í þeim dúr."

Lárus: „Allt það sem maður gerir ekki þegar venjuleg börn fæðast. Þá er ekkert hugsað um hvað verði þegar þau verða tvítug. Ég fór líka að velta fyrir mér fordómum í garð slíkra einstaklinga."

Guðrún Rut: „Við höfum heldur aldrei þekkt neinn slíkan. Þótt ég sé leikskólakennari hef ég aldrei verið með krakka með Downs-heilkennið."

Hvenær kom svo hjartagallinn í ljós?

Guðrún Rut: „Hún fór í ómskoðun tveggja daga gömul og ekkert kom í ljós, allt virtist eðlilegt."

Lárus: „Já, fósturæðin var opin og gat á milli hjartahólfa en það var ekkert óvenjulegt og reiknað með að lokaðist eins og hjá öðrum börnum."

Guðrún Rut: „Við fórum því heim og allt var í þessu fína. Við sendum meðal annars sms til vina og vandamanna að hún væri þrátt fyrir allt ekki með hjartagalla og allir voru voða glaðir með það og óskuðu okkur til hamingju."



Hvernig brugðust eldri systkinin við Downs-heilkenninu?

Guðrún Rut: „Þau voru í sveitinni hjá ömmu og afa meðan við vorum á fæðingardeildinni og við ákváðum að segja þeim ekkert strax frá þessu. Við vildum ekkert skyggja á gleði þeirra yfir litlu systur með þessu, og enn þann dag í dag eru þau ekkert búin að gera sér grein fyrir að hún sé eitthvað öðruvísi en flest önnur börn. Við tölum bara um að það þurfi að hafa meira fyrir því að kenna henni hlutina og þau hafa mikinn áhuga á því, sérstaklega strákurinn sem er eldri."

Hvenær kom svo í ljós að hún þyrfti að fara í hjartaaðgerð?

Lárus: „Okkur var sagt hvað yrði gert ef gatið á milli hjartahólfanna lokaðist ekki, en jafnframt að það væri ekki líklegt að svo færi. Og ef svo færi yrði málið afgreitt úti í Boston og ekkert að óttast í því sambandi."

